

Stjórnarfundur Geðhjálpar 12.05.2016

Mættir: Anna Gunnhildur, Bergþór, Sylviane, Védís, Sveinn Rúnar, Hrannar, Maggý og Ágúst Beaumont.

1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir(MHH).

Fundargerð lesin og samþykkt.

2. Flóki Guðmundsson frá Miðlun heldur kynningu um styrktarfélagasöfnun og situr fyrir svörum um árangur og hugsanlegt framhald (HJ).

Flóki og Andri Árnason frá Miðlun kynntu afrakstur styrktarfélagasöfnunarinnar.

Farið yfir sögu og samstarf Miðlunar og Geðhjálpar frá því í nóvember 2014. Í lok apríl 2016 voru styrktarfélagar Geðhjálpar orðnir 1.132 talsins. Þeir hafa skilað félaginu rúmum 7 milljónum á þessu ári. Varlega áætlaðar tekjur ársins gætu orðið 17 milljónir.

Samþykkt var að biðja Önnu Gunnhildi um að hafa samband við Miðlun og óska eftir frekari styrktarfélagasöfnun í vor.

3. Kosning stjórnar Öryrkjabandalagsins um fulltrúa í stjórn Fjölmennar –

Hrannar las upp drög að bréfi stjórnar Geðhjálpar til ÖBÍ vegna óánægju varðandi aðdraganda og framkvæmd á kosningu í stjórn Fjölmennar á síðasta stjórnarfundum ÖBÍ. Samþykkt samhljóða að senda bréfið óbreytt.

4. Bataskóli í Reykjavík (MHH, HJ, AGÓ).

Anna Gunnhildur sagði frá ferðum sínum í menntamálaráðuneytið og velferðarráðuneytið til að kynna hugmyndina um Bataskóla í Reykjavík. Hún kynnir hugmynd að stofnun skólans fyrir framkvæmdastjóra Virk í lok vikunnar.

5. Framlag Geðhjálpar til framhalds Útmeð'a verkefnisins með áherslu á forvarnir gegn sjálfsskaða og líðan ungra kvenna (HJ, AGÓ).

Samþykkt að taka þátt í verkefninu um forvarnir gegn sjálfsskaða og líðan ungra kvenna í samvinnu við Hjálparsíma Rauða krossins og þar með að veita allt að 1,2 milljónum til þessa áfanga verkefnisins.

6. Fjölmíðlaumræða og aðgerðir í framhaldi af áskorunum stjórnar um lækun komukostnaðar til geðlækna (HJ).

Farið var yfir umfjöllun fjölmíðla í kjölfar áskorunar um þátttöku í kostnaði við heimsóknir til geðlækna og upplýst að velferðarnefnd Alþingis hefði boðað fulltrúa félagsins á sinn fund í næstu viku.

- 7. Framhald aðgerða til að þrýsta á heildarendurskoðun lögræðisлага.**
Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að semja bréf til allsherjarnefndar vegna málsins.
- 8. 10okt (BGB).**
Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að kanna hvort hin félögin vilji taka þátt í samstarfi með Geðhjálpi um að halda upp á daginn.
- 9. Skipun fulltrúa í nefnd um mótun vinnuverndarstefnu (HJ).**
Samþykkt að Sylviane verði fulltrúi félagsins.
- 10. Viðburðir framundan, m.a. málþing með þátttöku A. F. (HJ, AGÓ).**
Málþing í samstarfi við Geðlæknafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands, Iðjubjálfafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands um greiningar, geðlyfjanotkun og sjúkdómsvæðingu. Heiðursgestur verður bandaríski geðlæknirinn Allen Frances, fyrirlesari og höfundur bókarinnar *Saving Normal*. Málþingið fer fram á Grand hótél 15. júní 2016. Efnt verður til fjallgöngu í lok maí.
- 11. Erindi framkvæmdastjóra**
Framkvæmdastjóri fór yfir vinnuframlag, helstu verkefni og árangur. Samþykkt að gera gott betur en að mæta óskum hans. Framkvæmdastjóri þakkaði stuðninginn og hvatninguna.
- 12. Önnur mál.**
Bergþór sagði frá knattspyrnumóti 19. maí í Valsheimilinu. Um er að ræða innanhúsmót í geð- og velferðarsviðinu. Bergþór hvatti til þátttöku.
- Næsti stjórnarfundur verður haldinn 9. júní í Dvöl.

Fundi slitið kl. 19:45

Sveinn Rúnar vék af fundi kl. 19:01 og fól Hrannari að fara með atkvæði sitt og Þórðar varðandi erindi framkvæmdastjóra.

Anna Gunnhildur vék af fundi klukkan 19:18.